

**61. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
17. september 2018 og hófst hann kl. 19:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1711170 - Styrkir vegna menningar- íþróttá- og atvinnumála 2018

Forstöðumaður kynnir fyrstu drög að yfirförnum reglum sem og stöðu verkefna sem voru styrkt fyrr á árinu.

Nefndin ræddi og uppfærði drög að reglum fyrir styrkveitingu til menningarverkefna. Forstöðumaður kynnti svör frá styrkþegum 2018 fyrir nefndinni.

2. 1809083 - Blústónleikar á Vökudögum 2018 - umsókn um styrk

Innsent erindi tekið til umræðu hjá nefndinni.

Akraneskaupstaður styrkir menningarverkefni árlega í gegnum sérstakt umsóknarferli sem opnar 1. nóvember ár hvert.

Kaupstaðurinn skapar umgjörð um Vökudaga m.a. með því að koma viðburðunum á framfæri bæði í auglýstri dagskrá og á samfélagsmiðlum eða leggja til aðstöðu og aðra aðstoð eftir fremsta megni. Forstöðumanni falið að svara erindi út frá umræðum á fundinum.

3. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017-2018

Unnið að skilgreiningu verkefna til að framfylgja Menningarstefnu Akraness.

Nefndin vann að skilgreiningu verkefna sem verður framhaldið á næsta fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.

Ólafur Páll Gunnarsson
Guðríður Sigurjónsdóttir
Helga K. Björgólfsson
Ingþór B. Þórhallsson
Guðmundur Claxton
Ella María Gunnarsdóttir